

Nr. 42.
11. júlí.

Lög

um

gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík o. fl.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Vorn:

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefur lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

- A. $2\frac{1}{2}\%$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.
 2% af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.
 1% af þeirri upphæð, er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.
 Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða byggð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sje eldra hús rífið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.
- B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar húið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlimdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstjettir skulu kostaðar að $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði en að $\frac{1}{3}$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin sem gangstjettin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstjett hefur verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

Nr. 42. Lög 11. júlí um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík o. fl.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

Nr. 42.
11. Juli.

om

Bidrag til Kloaker og Fortov i Reykjavik m. m.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Hvor Byraadet har anlagt Kloak i en Gade for Bykassens Regning, er enhver Husejer pligtig til paa egen Bekostning at anlægge Ledning, der fører alt Spildevand fra hans Hus ud i Gadekloaken. Disse Ledninger maa ikke være af ringere Beskaffenhed end Gadekloakerne og skal anlægges under Tilsyn af Byens Ingeniør i Overensstemmelse med et af Byraadet affattet Reglement om Indretning af Spildevandsledninger i og uden for Huse. I dette Reglement kan bestemmes, at Regnvand skal føres ud i Gadekloaken. Forsømmer nogen at udføre dette inden rimelig af Byraadet bestemt Frist, kan samme lade Arbejdet udføre paa Husejerens Bekostning.

§ 2.

Omkostningerne ved Kloakanlæg i Byens Gader udredes dels af Bykassen, dels af Grundejerne.

Grundejerne skal betale:

A. $2\frac{1}{2}$ ‰ af de første 10,000 Kr. af de paa deres Grund staaende Husejendommers Brandforsikringsvurderingssum.

2 ‰ af de næste 10,000 Kr. af Brandforsikringsvurderingssummen.

1 ‰ af det Beløb, som Brandforsikringsvurderingssummen overstiger 20,000 Kr.

Det samme Bidrag skal betales af de Huse, der for Eftertiden opføres ved en Gade, hvori der er anlagt Kloak, dog saaledes, at naar et ældre Hus nedrives, betales Bidraget af Forskellen mellem Husenes Vurderingssum.

B. 45 Øre for hver Meter af Grundenes Længde langs Gade, dog kun for saa vidt Grunden naar ud til en Gade. Bidraget erlægges, naar Kloak er anlagt i den Gade, hvortil Grunden regnes.

Husejendomme og Grunde, der ligge op ad Gader, hvori der er anlagt Kloaker forinden denne Lov træder i Kraft, skal ogsaa være bidragspligtige i Henhold til denne Paragraf, hvis Ejerne ikke før har betalt noget Bidrag i dette Øjemed.

§ 3.

Cementerede, fliselagte og andre ligesaa solidt anlagte Fortove skal bekostes med $\frac{2}{3}$ af Bykassen og med $\frac{1}{3}$ af Ejerne af Grunde, der henregnes til Gaden paa den Side, hvor Fortovet er.

De Omkostninger Grundejerne skal udrede, paalignes for hver Gade eller Del af Gade, hvori der er anlagt Fortov, i Forhold til Grundenes Længde langs Gaden.

Nr. 42. Lov af 11. Juli om Bidrag til Kloaker og Fortov i Reykjavik m. m.

Nr. 42.
11. júl.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðareigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru trygðar með veðrjetti í húseignunum og hefur sá veðrjettur forgangsrjett fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5 % ársvexti.

5. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða fjelögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

6. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

§ 4.

Byraadets Krav imod Grund- og Husejere i Henhold til §§ 1 og 2 ere sikrede med Pant i Husejendommene, hvilket Pant gaar forud for al kontraktmæssig Pantegæld. Byraadet kan give indtil 10 Aars Henstand med disse Krav, i hvilke Tilfælde Skyldneren betaler indtil 5 pCt. Rente p. a.

§ 5.

Byraadet kan paatage sig Renovation i hele Byen eller Del af den og kan overdrage dens Udførelse til Enkelte eller Selskaber.

Til Bestridelse af de heraf flydende Omkostninger kan der paalignes de Huse, i hvis Interesse Renovationen foretages, et Bidrag i Henhold til en af Byraadet affattet og Ministeriet stadfæstet Takst, ved hvis Fastsættelse der skal tages Hensyn til, hvor ofte Renovationen foretages. Husejeren erlægger Bidraget.

§ 6.

Alle Krav og Bidrag i Henhold til denne Lov kan inddrives ved Udpantning som andre Ydelser til Bykassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.